

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 24. október 2019

Tilvísun ÞÍ: 2019092043/2.0

Tilvísun sendanda: 101. mál

**Efni: Minnisblað vegna frumvarps um skráningu einstaklinga, ákvæði 2. mgr. 12. gr. frumvarps.**

Þjóðskrá Íslands tekur undir athugasemdir samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins um að fram fari mat á því hvaða aðilar þurfi heildarafhendingu þjóðskrár þegar reglugerð þess efnis verður samin, sbr. vegna athugasemdar ríkisskattstjóra við 12. gr. frumvarpsins. Það mun þýða að reglugerðin fari í opið samráð en jafnframt yrði haft samráð við stóra hagsmunaaðila svo sem ríkisskattstjóra. Að því er varðar athugasemdir við 5. mgr. þá er ákvæðinu ekki ætlað að takmarka heimildir opinberra stjórnvalda til að nota þjóðskrá við lögbundin verkefni sín eins og t.d. ríkisskattstjóra. Flestum opinberum aðilum ætti þó að duga að sækja upplýsingar í þjóðskrá í rauntíma.

Í þessu samhengi má nefna aðila á borð við ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingar Íslands sem líklegt er að myndu þurfa á heildarafhendingu að halda og fengju þá slíkan aðgang á grundvelli umræddrar reglugerðar. Þar að auki er fyrirsjáanlegt að ýmsir aðilar gætu fært rök fyrir því að þeir samfélagslegu innviðir sem þeir sinna krefjist heildaraðgangs að þjóðskrá hverju sinni.

Í ljósi þessa er það mat Þjóðskrár Íslands að ekki sé heppilegt að njörva það niður í lögin sjálf hvaða aðilar það eru sem geta fengið heildaraðgang að þjóðskrá. Þess má geta að Persónuvernd hefur ekki gert athugasemdir við þetta tiltekna ákvæði frumvarpsins.

Á hinum Norðurlöndunum er fyrirkomulagið með svipuðum hætti og stefnt er að með frumvarpinu. Í Noregi eru t.a.m. einungis fáir opinberir aðilar sem fá aðgang að heildarskrá beint frá Folkeregisteret en aðrir fá upplýsingar í gengum miðlara. Í Danmörku fer CPR (Det Centrale Person Register) með skráningu og miðlun upplýsinga um einstaklinga og ýmis önnur málefni. Aðgangur opinberra aðila að upplýsingum um einstaklinga er takmarkaður skv. lögum og takmarkast við þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir verkefni viðkomandi stofnunar. Í Svíþjóð er skráning og miðlun upplýsinga um einstaklinga á ábyrgð Skatteverket undir skrifstofu Statens personadressregister (SPAR). Í lögum og reglugerðum er sérstaklega tiltekið





hvaða upplýsingar ekki eru gerðar athugasemdir við að fyrirtæki fái aðgang að. Aðrar upplýsingar eru háðar frekari takmörkunum og er sérstaklega tiltekið hvaða aðilar fái aðgang að slíkum upplýsingum.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Björg Finnbogadóttir

*lögfræðingur*